

Mál nr. 42/2016**K og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar X****Vinnuslys leiðbeinanda við störf í leikskóla þann 5. maí 2014****Gögn.**

1. Málskot móttakið þann 15. febrúar 2016 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V ásamt fylgiskjölum þann 11. mars 2016.

Málsatvik.

K kveðst hafa orðið fyrir vinnuslysi þann 5. maí 2014 við störf sín sem leiðbeinandi á leikskóla í X. Kveðst K hafa verið beðin, ásamt samstarfskonu sinni, um að fara á útivistarsvæði leikskólans í næsta nágrenni til að losa stóran og þungan grjóthnullung. Deildarstjóri leikskólans kom með járnkarl að heiman til þess að hægt væri að fjarlægja þetta grjót. Grjóthnullungurinn mun hafa verið staðsettur í halla í s.k. Gryfju, í grýttum jarðvegi. K kveður samstarfskonu sína hafa staðið fyrir ofan grjótið, með skóflu í hönd, en K fyrir neðan grjótið og með járnkarlinn. Þegar grjótið losnaði rann hann í átt til K sem varð til þess að þungi grjótsins fer á járnkarlinn og högg kom á hönd tjónþola með þeim afleiðingum að tvö liðbönd slitnuðu.

K telur að X beri skaðabótaábyrgð á fjárhagslegu tjóni K. Máli sínu til stuðnings vísar K til þess að það hafi ekki fallið undir starfssvið hennar sem leiðbeinanda í leikskóla að fjarlægja grjóthnullunga og að hún hafi verið óvön þess háttar verkum. Enn fremur er vísað til þess að fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar hafi ekki verið gætt í umrætt sinn, og að yfirmaður K hefði átt að gæta þess að afstýra hættunni þegar hann varð þess var að K og samstarfskona hennar voru í vandræðum með umrætt verkefni.

V hefur hafnað skaðabótaábyrgð X og vísar til þess að ferðir í Gryfjuna teljast hluti af því starfi sem fram fer í leikskólanum. Þar af leiðandi séu þær hluti af vinnu leikskólafólks og að í þessum ferðum megi gera ráð fyrir að starfsmenn þurfi að vinna ýmis verk með börnunum sem fylgja þessu útisvæði. Verkið verði að teljast einfalt sem sé t.d. algengt í garðvinnu og fólk geti unnið án þess að þurfa til þess sérstakar leiðbeiningar eða fagþekkingu.

Álit.

Það er meginregla í skaðabótarétti að tjónþoli sem krefst skaðabóta frá öðrum aðila vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir verður m.a. að færa sönnur á saknæma og ólögmæta háttsemi tjónvalds.

Í skólanámskrá leikskólans er fjallað um ferðir í Gryfjuna sem hluti af starfi leikskólans og sem þátt í lærdómi barnanna í samskiptum, sjálfbærni og vísindum. Er um að ræða útivistarsvæði í næsta nágrenni við leikskólann sem oft er farið á með börnum leikskólans. Þótt umrætt verk sé ekki hefðbundið verk leiðbeinanda í leikskóla verður það ekki talið svo fjarlægt starfsskyldum þeirra að um sé að ræða saknæma og ólögmæta háttsemi af hálfu yfirmanna leikskólans. Af öllum gögnum virtum, þ. á m. ljósmyndum af útisvæðinu, verður ekki talið að um hafi verið að ræða hættulegt starf sem þarfnaðist sérstakra leiðbeininga, heldur þvert á móti fremur einfalt verk.

Miðað við allt framangreint er ósannað að X eigi að bera skaðabótaábyrgð á fjárhagslegu tjóni K vegna slyssins.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 19. apríl 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.